

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Grindavíkur.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Grindavíkur skal greiða árlegan vatnsskatt, og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hvernar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist vatnsskattur samkvæmt fasteignamati lóðarinnar.

Hafi fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður bæjarstjórn skattinn að fengnum tillögum bygginganefndar.

2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal auk hins almenna vatnsskatts greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því ekki við komið, ákveður bygginganefnd aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

3. gr.

Af öllum fasteignum sem skattskyldar eru samkvæmt 1. gr., skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,15% af heildarfasteignamati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 500,00 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Grindavíkur. Af öllum húsum í Grindavík, sem svo er ástatt um, sem getur í 7. gr. reglugerðar, skal greiða tengigjald kr. 10 000,00 fyrir hús með einni íbúð, en kr. 3 000,00 að auki fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina. Þó skulu hús, sem eru 350 m³ eða minni teljast ein íbúð. Fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 20 000,00 fyrir hverja tengingu. Gjöld þessi eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, er reglugerð þessi öðlast gildi, og skulu breytast eftir henni á þriggja mánaða fresti.

Aukavatnsskattur sem greiddur er skv. 2. gr. skal vera kr. 3,00 á hvern m³ vatns við gildistöku þessarar reglugerðar og gildir fyrir næstkomandi ár. Eftir það breytist aukavatnsskatturinn í samræmi við hækkun fasteignamats.

4. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega.

5. gr.

Gjald fyrir almenn vatnsnot samkvæmt 3. gr. gjaldskrár þessarar miðast við fasteignamat 31. desember 1983 og skal breytast í samræmi við breytingar á því hverju sinni.

6. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum, er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldanda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Grindavík.

1. gr.

Grindavíkurbær hefur einn heimild til að leggja holræsi í Grindavík, nema sérstaklega sé samið um aðra tilhögun.

2. gr.

Þar sem bæjarfélagið hefur látið leggja holræsi í götu, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því í aðalæð.

3. gr.

Bæjarstjórn löggildir menn, sem teljast skulu hæfir til að leggja og ganga frá holræsum. Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er húseigendum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það er máli skiptir í sambandi við það.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða bæjarsjóði tengigjald eins og það er á hverjum tíma þegar tenging er framkvæmanleg.

Tengigjald þetta skal vera kr. 15 000,00 fyrir hús með einni íbúð, en kr. 5 000,00 að auki fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina. Þó skulu hús, sem eru 350 m³ eða minni, teljast ein íbúð.

Fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjald vera kr. 30 000,00 fyrir hverja tengingu. Gjöld þessi eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, er reglugerð þessi öðlast gildi og skulu breytast eftir henni á þriggja mánaða fresti.

Húseigandi getur eigi krafist tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið hefur verið greitt eða um það hefur verið samið.

Þá skal og hver húseigandi greiða árlega holræsagjald í bæjarsjóð er nemi 0,1% af fasteignamatsverði húsa og lóða, þó aldrei lægra en kr. 500 000. Lágmarksgjald þetta skal endurskoða 1. janúar ár hvert og breytast í sama hlutfalli og fasteignamat í Grindavík.

Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum. Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.